

Nd. 216. Frumvarp til laga [116. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson,
Eðvarð Sigurðsson, Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal nú þegar æskja endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkv. heimild í 7. gr. samningsins, og síðan segja samningnum upp, þegar sá endurskoðunarfrestur, er í samningnum er ákveðinn, heimilar það.

2. gr.

Um leið og samningnum er sagt upp, falla lög nr. 110 19. des. 1951, um lagagildi nefnds varnarsamnings, úr gildi.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal, um leið og samningnum er sagt upp, leggja svo fyrir, að stöðva skuli þær framkvæmdir, er fram fara í Hvalfirði á vegum hersins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Atlantshafssamningurinn var gerður 4. apríl 1949, var því sérstaklega lýst yfir af ríkisstjórn Íslands og staðfest af utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að hér á landi skyldi eigi verða her á friðartímum og eigi yrði farið fram á slíkt.

Þegar ríkisstjórn Íslands gerði samning við Bandaríkjastjórn 5. maí 1951 um að leyfa bandarískum her herstöðvar hér, var það gert að Alþingi forspurðu og samningurinn eigi lagður fyrir Alþingi fyrr en haustið 1951, er hinn ameríski her hafði hernumið þær stöðvar í landinu, er hann óskaði eftir, og Alþingi stóð þannig frammi fyrir fullgerðum staðreyndum: hernumdu landi.

Þetta hernám Íslands var framkvæmt, er „kalda stríðið“ stóð sem hæst, og jafnvel var í áróðri reynt að tengja Kóreustríðið, sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu verið flæktar í, við nauðsyn þessa hernáms. Í Evrópu var þá taugastríð mikið og harka í viðskiptum stórveldanna, verzlunarstríð raunverulega í algleymingi og

margar blikur á lofti, er beitt var í áróðri þá til þess að afsaka, að horfið hafði verið frá margyfirlýstri stefnu Alþingis, sem einnig var itrekuð við inngönguna í Atlantshafsbandalagið, um, að eigi skyldi vera her hér á friðartímum.

Mikill hluti þjóðarinnar hefur frá upphafi verði andvígur hernáminu og hefur barizt fyrir því í hálfan annan áratug að fá því aflétt.

En einnig frá sjónarmiði þeirra, sem þolað hafa hersetuna eða verið hliðhollir henni, ætti afstaðan nú að vera gerbreytt, sökum þess að þær forsendur, er fylgjendur hernámsins byggðu það á, eru brostnar.

„Kalda stríðið“ er nú liðið sögulegt skeið. Í stað verzlunarstríðs milli hinna andvígu stórvelda eru komin sívaxandi viðskipti á öllum sviðum. Hver samningur þeirra á milli um kjarnorkumál, menningarsamstarf o. s. frv. rekur annan. Frakkland, eitt af stórveldum Atlantshafsbandalagsins, hefur slitið hernaðarsamvinnu við það. Margir álíta Atlantshafsbandalagið í upplausn og tímabært að leggja bæði það og Varsjárbandalagið niður. Forsendur þær, er formælendur hernámsins byggðu á 1951, eru brott fallnar.

Hins vegar sýnir það sig í æ ríkara mæli, að rétt er það, sem hernámsandstaðingar hafa ætíð haldið fram, sem sé þetta:

Svo fjarri því að vera vernd í stríði, þá væru herstöðvar Bandaríkjanna á Íslandi þvert á móti lífshætta fyrir þjóðina í ófriði, því að þær drægju að sér gagnárásir hugsanlegs ófriðaraðila, sem möguleiki var þó til, að þjóðin slyppi við, ef engar herstöðvar væru.

En þar að auki sýnir sár reynsla, að herstöðvar á friðartímum hafa verið þjóð vorri mjög skaðsamlegar siðferðislega, menningarlega og þjóðernislega. Þarf ekki að rekja þá sorgarsögu í einstökum atriðum. Það nægir að minna á sjónvarp hersins á Keflavíkurflugvelli, þá spillingu, sem það þegar hefur valdið, ekki sízt á ungu kynslóðinni, þá þjóðernislegu smán, sem sú einokun framandi hers á áhrifamesta fjölmiðlunartæki nútímans er fyrir Íslendinga.

Herstöðvar Bandaríkjahers hafa nú verið allt of lengi á Íslandi. Engin rök mæla með því að þær séu hér áfram. Þvert á móti vofir sú hætta yfir, að sé herinn ekki látinn fara nú, þá færi hann sig upp á skaftið og fari að hreiðra hér um sig á nýjum stöðum, þegar Bandaríkin eru annars að fækka herstöðvum sínum um allan heim og draga úr her sínum í Evrópu. Einmitt hernaðarframkvæmdirnar í Hvalfirði eru sönnun fyrir þeirri hættu, að Bandaríkjaher fari að búa meir og meir um sig til frambúðar á landi voru, ef honum er eigi sagt að fara nú þegar. Væri slíkt framferði Bandaríkjahers að leggja Ísland þannig undir sig sem hernaðarlega nýlendu í samræmi við þær fyrirætlanir að tryggja sér herstöðvar á Íslandi til 99 ára fyrir Bandaríkjaher einvörðungu, án alls tillits til samstarfs við ríki í Evrópu, sem fram komu 1. október 1945, er Bandaríkjastjórn reyndi að fá samning um að fá þrjá tiltekna hluta af íslenzku landi afhenta undir alger bandarísk yfirráð aldarlangt. En því neitaði þá öll þjóðin.

Það eru því síðustu forvöð að segja hernámssamningnum nú upp, áður en Bandaríkin taka að gerast enn frekari til yfirráða á landi voru.

28. marz 1956 var samþykkt af hálfu Alþingis að segja þessum samningi upp, en eigi framkvæmt.

Á Alþingi 1959—60 og aftur á Alþingi 1964—5 fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins tillögu til þingsályktunar um brottför hersins. Eru þær tillögur með greinargerðum þeim, er þá fylgdu þeim, prentaðar sem fylgiskjöl I og II hér á eftir.

Þingmenn Alþýðubýðubandalagsins í Nd. flytja þetta mál í frumvarpsformi að þessu sinni, og eru þingmenn Alþýðubandalagsins í Ed. allir samþykkir frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Á Alþingi 1959—60 fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins eftirfarandi till. til þál.:

Tillaga til þingsályktunar um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og brottvísun Bandaríkjahers úr landinu.

Flm.: Alfreð Gíslason, Ásmundur Sigurðsson, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar — með sérstöku tilliti til þess, að Bretar hafa með vopnavaldi brotið rétt á Íslendingum og að bæði þeir og Bandaríkjamenn hafa á alþjóðavettvangi beitt öllu áhrifavaldi sínu gegn því lífshagsmunamáli, sem 12 mílna fiskveiðilandhelgin er Íslendingum — að fela ríkisstjórninni að tilkynna nú þegar ráði Atlantshafsbandalagsins úrsögn Íslands úr bandalaginu og enn fremur að segja tafarlaust upp varnarsamningnum við Bandaríkin í því skyni, að allur her verði hið fyrsta á brott og herstöðvar á Íslandi verði lagðar niður.

Greinargerð.

Árið 1949 fól Alþingi ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að svonefndum Norður-Atlantshafssamningi. Með undirritun þess samnings var ákveðin og innsigliuð hlutdeild hinnar vopnlausu íslensku þjóðar í hernaðarbandalagi. Þeirri hlutdeild fylgdu réttindi og skyldur. Skyldurnar hefur íslenska ríkið rækt. Ríkið hefur ekki aðeins staðið við þær skuldbindingar, sem það undirgekkst, heldur hafa og verið lagðar á þjóðina þungar byrðar, sem hún í upphafi áskildi sér rétt til að vera laus við. Nægir í því sambandi að minna á herinn og herstöðvarnar í landinu. Samningurinn var undirritaður með þeim fyrirvara af Íslands hálfu, að ekki kæmi „til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum, né yrðu þar leyfðar herstöðvar“.

Síðar létu íslenskir valdamenn undan ásókn Bandaríkjanna og leyfðu hersetu í landinu. Með því var þjóðin látin takast á herðar þunga byrði umfram allt annað, sem hún hafði skuldbundið sig til með undirritun Atlantshafssamningsins, en það er meira en sagt verður um ýmsa aðra aðila þessa hernaðarbandalags.

Tvær völdugustu þjóðir Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkjamenn og Bretar, hafa nú um langt skeið háð miskunnarlausu baráttu við Íslendinga, beitt sér með öllum ráðum gegn brýnasta hagsmunamáli þeirra og hvorki sparað til þess fé né fyrirhöfn. Bretar hafa látið herskip sín ösla um í íslenskri fiskveiðilandhelgi veiðiþjófum til verndar, og brezkir sjóliðsforingjar hafa þrásinnis hótað Íslendingum lífláti, ef þeir dífist að gæta laga og réttar í eigin landhelgi.

Þessari vopnuðu árás Breta hefur bandaríska varnarliðið á Íslandi svarað með fullkomnu aðgerðarleysi, og sannaðist með því, að Bandaríkin hafa hér herlið einhverjum öðrum til verndar en Íslendingum, ef á er ráðizt.

Á alþjóðavettvangi hafa Bandaríkin frá upphafi stutt brezku ríkisstjórnina í landhelgismálinu, og þau hafa gert það með vaxandi þunga. Á sjóréttarráðstefnunni í marz—apríl 1960 tóku Bandaríkin blátt áfram forustuna í baráttunni gegn hagsmunum Íslands og neyttu þar allra bragða, sem stórveldi eru tiltæk.

Þess er vert að minnast, að bæði þessi stórveldi hafa, eins og aðrar þjóðir, viðurkennt þá staðreynd, að fiskimiðin umhverfis landið séu Íslendingum lífnauðsyn. Þau neita ekki í orði þörfinni á verndun fiskimiðanna, og þau þykjast skilja sérstöðu Íslendinga sem fiskimanna. Allt um það berjast þau á móti. Þau gera sér ljóst, að hér er um lífshagsmuni Íslendinga að tefla og engra annarra, og gegn þeim hagsmunum berjast þeir með klóm og kjafti.

Eru þessar aðfarir tveggja forustupjóða Atlantshafsbandalagsins gegn Íslandi í samræmi við gerðan samning?

Í 1. gr. Atlantshafssamningsins segir svo:

„Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu, og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna.“

Þannig hljóðar 1. gr. þessa samnings. Ákvæði hennar um friðsamlega lausn deilumála hlýða Bretar með því að senda sjóher sinn á Íslandsmið til árása á þá bandalagsþjóð sína, sem er sú minnsta og um leið sú eina, er ekki getur með morðvopnum borið hönd fyrir höfuð sér. Í skiptum sínum við Íslendinga beita Bretar bæði hótunum og valdi. Þeir hafa hótað að skjóta íslensk skip í kaf, reynt að sigla þau í kaf, og þeir hafa hernumið íslenska menn að skyldustörfum við strendur landsins. Slíkur hefur réttur Íslendinga orðið í reynd í samskiptum við eina öndvegisþjóð Atlantshafsbandalagsins.

Í 2. gr. samningsins segir m. a. á þessa leið:

„Aðilar munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkja-viðskipta.“ -- Hafa ekki Bandaríkjamenn og Bretar gætt þessa í viðskiptum við Íslendinga? Nei, þróunin hefur orðið öfug, síðan samningurinn var undirritaður. Árið 1952 var sett löndunarbann á íslenskan fisk í Bretlandi, og þá átti að svelta Íslendinga til hlýðni. Árið 1958 var gengið feti lengra og sendur til Íslands herskipafloki þeirra erinda að traðka rétt bandalagsþjóðarinnar. Á þá lund hafa Bretar látið „hin friðsamlegu og vinsamlegu milliríkjaviðskipti“ þróast, að því er viðkemur Íslendingum, og til þess hafa þeir notið stuðnings Bandaríkjamanna í vaxandi mæli.

Loks er í 5. gr. þessa ágæta samnings svofelld klausa:

„Aðilar eru sammála um, að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla.“ Samkvæmt þessu átti herhlaup Breta á Íslandsmið og vopnuð valdbeiting þeirra þar að jafngilda árás á t. d. sjálf Bandaríki Norður-Ameríku. Þó snerust hvorki þau né önnur bandalagsríki til varnar, og var með því aðgerðarleysi framið enn eitt samningsbrot á Íslendingum. Voru öll aðildarríki bandalagsins samsek um það brot, þótt höfuðabyrgðin hvíli á Bandaríkjunum sem völdugustu þjóðinni og þeirri, sem herstöðvar hefur hér á landi.

Mikill hluti Íslendinga gerði sér frá upphafi ljóst, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu var ósamrýmanleg afstöðu Íslendinga sem friðelskandi, vopnlausrar þjóðar, er lýst hafði yfir ævarandi hlutleysi í ófriði, er vér öðluðumst fullveldi 1918. Einnig var miklum hluta þjóðarinnar ljóst, að þátttakan í þessu hernaðarbandalagi gat valdið tortímingu þjóðarinnar, ef til stríðs kæmi. Og smátt og smátt gerðu sífellt fleiri Íslendingar, sem áður voru fylgjandi samningnum, sér ljóst, að Atlantshafssamningurinn er einskis virði, þegar hagsmunir Íslands eru annars vegar. Þó gekk fyrst alveg fram af þeim, er þeir fréttu af háttalagi Bandaríkjastjórnar á síðustu Genfarráðstefnu. Þar beittu Bandaríkin skefjalausum áróðri og baktjaldamakki gegn íslenska málstaðnum og virtust næstum einskis svífast til þess að fá vilja sínum framgengt, þótt það til allrar hamingju mistækist.

Íslenzku þjóðinni er nú nóg boðið. Hún getur ekki náð rétti sínum með vopnavaldi né með áhrifavaldi stórþjóðar, en hún getur svarað samningsrofunum og ofbeldinu á annan hátt. Hún getur sagt sig úr bandalagi við yfirgangsseggi, heimtað herinn brott úr landinu og herstöðvarnar jafnaðar við jörðu. Þetta ber henni að gera. Með því vinnur hún á í álitu allra þjóða, einnig þeirra, sem nú traðka á rétti hennar. Sá manndómur Íslendinga að ganga úr Atlantshafsbandalaginu og vísa hennum burt vegna ágengni og kúgunar tveggja stærstu þjóða þess mun um það er lýkur aðeins skapa aðdáun og virðingu annarra þjóða, ekki sízt þeirra, sem við harðrétti búa og fyrir sjálfstæði sínu berjast.

Hér hefur verið rætt um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og brottvísun Bandaríkjahers sem nauðsynlega og eðlilega mótaðgerð gegn þeim órétti, sem landsmenn eru beittir æ ofan í æ. Fjölmörg önnur rök hníga og í sömu átt og hafa verið borin fram á Alþingi 1949 og síðan. Íslendingar hafa ekkert gagn af hlutdeild í hernaðarbandalagi, heldur kalla með því yfir sig ægilegar hættur. Erlendur her og herstöðvar eru þjóðinni hættulegar á margan hátt. Vopnlaus og fámenn þjóð eins og Íslendingar á að skipa sér í raðir hinna hlutlausu ríkja og vinna að friðarmálum á vettvangi þjóðanna. Það hlutverk eitt sæmir henni og skapar henni virðingu. Skilyrðislaus tryggð og þjónkun við ákveðin herveldi hæfir ekki Íslendingum. Þeir vilja ekki hafa húsbónda, sem öðru hvoru fleygir í þá beini til að naga, en sparkar í þá eins og rakka þess á milli. Annars skal ekki frekar rakið allt það, sem með því mælir, að Ísland standi utan hernaðarbandalaga, enda þess ekki þörf hér, svo oft sem um þau mál hefur verið rætt áður.

Fylgiskjal II.

Á Alþingi 1964—65 fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins eftirfarandi till. til þál.:

Tillaga til þingsályktunar um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Alfreð Gíslason, Ragnar Arnalds, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Hinn 1. desember 1918, þegar Ísland gerðist fullvalda ríki, átti sér stað atburður, sem um margt var einstæður í sögu síðari tíma. Íslendingar voru langsamlega fámennust fullvalda þjóð í veröldinni, þá aðeins rúmlega 90 þúsundir manna. Fullveldiskynslóðin gerði sér ljóst, að fámennið markaði Íslendingum sérstöðu um margt, lagði þeim sérstakar skyldur á herðar, hvatti til varkárni, en einurðar og festu í öllum skiptum við umheiminn. Íslendingum datt ekki í hug að einangra sig. Þeir voru staðráðnir í að byggja hér upp nútímaþjóðfélag, taka eðlilegan þátt í samskiptum ríkja, en gæta í hvívetna sæmdar sinnar og sjálfsvirðingar. Flestum var ljóst, að það gæti kostað fórnir að varðveita og efla íslenzkt sjálfstæði. Ætti svo sárafámenn þjóð að fá valdið hlutverki sínu, hlaut hún að forðast að láta annarleg sjónarmið draga hugann frá íslenzkum vandamálum. Forustumenn Íslendinga á þessum tímum báru gæfu til að leggja grundvöll að sjálfstæðri stefnu í utanríkismálum. Það gerðist, þegar lýst var yfir ævarandi hlutleysi landsins. Þá var vel af stað farið og viturlega. Þjóðin stóð einhuga að baki þessari mikilvægu ákvörðun. Menn skildu, að hlutleysi í hernaði hæfði betur en nokkuð annað fámennri og vopnlausri þjóð, sem kaus að vera fullvalda og eiga einvörðungu friðsamleg skipti við allar aðrar þjóðir.

Allt fram yfir stofnun lýðveldisins 1944 mátti segja, að íslenzkir stjórnámálemenn og íslenzk þjóð fylgdi nokkurn veginn þeirri utanríkisstefnu, sem eðlileg var smá-ríki, er vildi halda sjálfstæði sínu og sæmd. Frá árdögum fullveldisins hafði þjóðinni fjölgað um þriðjung. Efnahagurinn hafði stórbatnað og möguleikarnir til að efla atvinnuvegina og treysta íslenzka menningarsókn voru meiri en nokkru

sinni. Hið unga íslenska lýðveldi hlaut viðurkenningu jafnt stórvelda sem smá-rikja og átti þess allan kost að ganga fram frjálst og óháð í fylkingu þjóðanna. Ekkert virtist sjálfsgæðara en að Íslendingar neyttu þessa færiss, kostuðu kapps um góð og heilbrigð skipti við önnur lönd og beittu áhrifum sínum, þótt takmörkuð væru, við hlið annarra óháðra ríkja til fulltingis kröfunni um allsherjar afvopnun og frið.

En við áttum ekki slíku láni að fagna. Þegar lýðveldisfáninn íslenski var dreginn að húni, stóð heimurinn í báli. Sá eldur var að vísu slökktur ári síðar. Í fyrstu virtust góðar horfur á, að þær þjóðir, er sameinaðar höfðu brotið morðvél fasismans, bæru gæfu til að skipa málum af einhug og raunsýni, tryggja afvopnun og varanlegan frið. En mannkynið reyndist enn sem fyrr sjálfu sér sundurþykkt, stormar ólíkra hugmyndakerfa tóku að geisa frá öndverðum heimshornum. Síðan hefur mannkynið búið við kalt stríð. Og fyrr en varði hafði vígstöðvum kalda stríðsins verið komið upp á Íslandi. Voldugasta ríki á vesturhveli jarðar sóttist hér eftir hernaðaraðstöðu á láði og legi. Eftir nokkurt hik og skammvinna mótstöðu tókst að ginna andvaralausa valdamenn landsins til að fórna hlutleysinu. Síðan hefur ekki verið um að ræða neina íslenska stefnu í utanríkismálum. Upp frá þeim degi, er hlutleysinu var fórnað, hafa flestar mikils háttar ákvarðanir, sem varða þau mál, verið teknar á erlendum vettvangi, af erlendum mönnum, í þágu annarlegra sjónarmiða. Þetta er afleiðing þess, að vopnlaus þjóð var giunt í herbandalag. Fyrstu árin eftir þau umskipti áttu íslenskir ráðamenn það til að ræða utanríkismál af nokkurri kokhreysti, eins og þeirra væri mátturinn og valdið. Þá fullyrtu þeir ýmislegt, sem þeir reyndust síðar ekki menn til að standa við, svo sem það, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. En þeir komust fljótlega að raun um, að valdið var ekki þeirra í þessum efnum. Ýmsar ákvarðanir íslenskra valdamanna hin síðari ár verða og naumast skýrðar á annan veg en þann, að þeir telji sig bundna af samningum til þóknunar og hlýðni við erlenda aðila. Og nú gæta þeir tungu sinnar betur en áður. Þegar utanríkisráðherra var að því spurður á Alþingi í fyrra, hvort leyfð yrði staðsetning kjarnavopna í landinu, svaraði hann því einu til, að fram á slíkt hefði ekki verið farið. Meira gat hann ekki sagt.

En afleiðing þess, að sjálfstæðri íslenskri utanríkisstefnu hefur verið varpað fyrir borð, er sú staðreynd, að valdamenn skirrast ekki lengur við að brjóta jafnt landslög sem siðferðilegan rétt eigin þjóðar til að verða við tilmælum eða kröfum hernámssliðsins. Er þá ýmist við haft laumuspil eða gripið til skýringa, er reynast staðlausir stafir. Ekki var haft hátt um það, þegar Bandaríkjamönnum var í öndverðu leyfð útvarpsstarfsemi í landinu, þvert ofan í ákvæði íslenskra laga. Og þó var enn laumulegar að farið, þegar sama aðila var veitt einkaleyfi til að reka hér sjónvarpsstöð, í fyrstu að vísu takmarkaða við herstöðina sjálfa, en í næsta áfanga opnuð leið til sjónvarpssendinga á svæði, þar sem býr meira en helmingur þjóðarinnar.

Ekkert er íslensku þjóðinni brýnna í dag en að losna úr þeim hlekkjum, sem samningar um erlenda hersetu og aðild að hernaðarbandalagi hafa hneppt hana í. Með því móti einu að brjóta af sér slíkar viðjar geta Íslendingar mótað að nýju sjálfstæða og heilbrigða utanríkisstefnu. Tillaga sú, sem hér er lögð fram, fjallar um annan þátt þessa máls, uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenskri grund.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um þær röksemdir, sem fylgismenn herstöðvasamningsins hafa leitast við að halda uppi honum til varnar.

Fyrst er að nefna þá staðhæfingu, að hinn erlendi her eigi að verja Íslendinga í hugsanlegri styrjöld. Þessari kenningu var mjög hampað á fyrstu árum hernámssins en nú trúir henni vart nokkur maður lengur. Ástæðan er sú, að með tilkomu kjarnorkuvopna hafa orðið alger þáttaskil í öllum hernaði. Áður var hernaður tviþættur, sóknarstríð og varnarstríð. En nú má segja, að annar þátturinn, varnarstríðið, sé með öllu horfinn. Því til sönnunar er þarflaust að nefna margar hern-

aðarnýjungar á atómöld. Aðeins skal á það minnzt, að á síðustu tímum hefur eldflaugatækni komizt á það stig, að hægt er að senda með hraða hljóðsins og nákvæmri öryggismiðun tortímandi vetnissprengjur milli hvaða staða á hnettinum sem er.

Með þessar staðreyndir í huga hljóta Íslendingar að svara þeirri spurningu, hvaða vernd sé að herstöð og herliði í landi þeirra í styrjöld. Svarið er einfalt og afdráttarlaust: Herlið og herstöðvar veita enga vörn.

En hververnd er verri en gagnslaus. Á sömu stundu og „verndarþjóðin“ lenti í styrjöld, yrðu herstöðvar hennar hvarvetna á hnettinum ófriðarsvæði og sennilegt skotmark hins styrjaldaraðilans. Herstöð í landi okkar frá þjóð, sem ætti í styrjöld, hlyti nær óhjákvæmilega að gera það að skotspæni þegar í upphafi kjarnorkustríðs.

Nú er svo komið, að engin þjóð í víðri veröld er þess megnug að verja sitt eigið land í heimsstyrjöld, hvað þá heldur lönd annarra. Að því er „varnarleysi“ snertifir, er okkur ekki vandara um en öðrum. Vissulega er það rétt, að á ógnartímum kjarnorkubáls yrði enginn óhultur. En ríki án hers og herstöðva, sem lýst hefði yfir hlutleysi í hernaðarátökum, væri stórum betur sett en hernumið land. Vopnleysi og hlutleysi dregur stórlega úr hættunni á skyndiárás í upphafi styrjaldar. Og á meðan vopn eru slíðruð, yrði slík afstaða til að draga úr spennu, ákall um afvopnun, eina hugsanlega framlag smáþjóðar friði til viðhalds og verndar.

Önnur röksemd fylgismanna herstöðva á Íslandi er sú, að land okkar sé og eigi að vera hlekkur í varnarkerfi vestrænna þjóða, en slíkt varnarkerfi sé líklegt til að bæjja frá hættunni af nýrri heimsstyrjöld. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þeirri kenningu er varpað fram, að vopn og vígbúnaður eigi að halda vörð um friðinn. En hefur það nokkru sinni tekizt? Er ekki deginum ljósara, að vígbúnaðarkapphlaup hefur alltaf endað á sömu lund: með styrjöld? Eru líkur til, að annað verði uppi á teningnum nú, ef ekki tekst að stöðva þetta kapphlaup? Er ekki eina von þjóðanna um frið í því fólgin, að takast megi að draga úr spennunni milli stórveldanna og styðja hverja þá viðleitni, sem miðar til afvopnunar og friðsamlegra samskipta?

Þessi augljósa staðreynd hefur þrátt fyrir allt átt vaxandi skilningi að fagna síðustu árin. Þar hafa smáþjóðirnar og hinar hlutlausu þjóðir lagt drjúgan skerf af mörkum, enda vex áhrifavald þeirra stöðugt. Allar líkur benda til, að vaxandi samstarf þeirra og samstaða á alþjóðavettvangi eigi eftir að bera ríkulegan ávöxt og stuðla að afvopnun og friðsamlegri lausn deilumála. Hlekkur í slíkri keðju ber Íslandi að vera, en ekki aðili að hernaðarsamtökum.

Þegar íslenzkir ráðamenn fengu því til leiðar komið, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, var því hátiðlega lýst yfir, að hér á landi mundi ekki dveljast her á friðartímum. Vornótt eina árið 1951 kom herinn og hefur setið hér alla stund síðan, í rétt 14 ár. Á hernum er ekkert fararsnið, heldur býr hann sig nú undir það að koma hér upp nýrri herstöð — flotastöð í Hvalfirði. Þau 14 ár, sem bandarískur her hefur dvalizt hér í náðum, geta að visu ekki talizt friðartímar í þeim skilningi, að hvergi í heiminum hafi komið til vopnaðra átaka. En þrátt fyrir allt hafa þess sézt ýmis merki, að ráðamenn í austri og vestri geri sér í vaxandi mæli ljósa þá ábyrgð, sem á þeim hvílir, gagnvart lífi og framtíð alls mannkyns. Augu æ fleiri manna eru að opnast fyrir því, að fjölgun herstöðva og síaukinn herbúnaður eru sízt af öllu trygging fyrir friði og öryggi. Þetta kom berlega í ljós hina örlagaríku daga í októbermánuði 1962, þegar Kúbudeilan var í hámarki. Árum saman hafði Atlantshafsbandalagið vígbúizt linnulaust. Það hafði komið upp herstöðvum víðs vegar um Evrópu og alla leið austur í Tyrkland. Bandaríkin sjálf stóðu grá fyrir atómsprengjum og vígvélum. En skyndilega vaknar hinn vestræni heimur við það, samkvæmt frásögn Bandaríkjaforseta, að hann er í ægilegum háska staddur — vegna þess að Rússar undirbúa hið sama á Kúbu og Atlantshafsbandalagið hafði fyrir löngu framkvæmt í Tyrklandi og víðar, að koma fyrir eldflaugum, sem borið geta atómsprengjur til fjarlæggra skotmarka. Þegar vígbúnaðarkapphlaupið hófst að

nýju, nokkru eftir síðustu heimsstyrjöld, nefndu Bandaríkin aldrei, að lífsháski vofði yfir þeim. En eftir að þau höfðu vígbúið dag og nótt í meira en áratug, var hann skyndilega kominn heim að bæjardyrum þeirra. — Þetta dæmi, og mörg önnur, hafa átt þátt í að efla skilning manna um heim allan á þeirri staðreynd, að vígbúnaðarkapphlaupið er sjálft undirrot háskans, fækkun herstöðva og afvopnun eina leiðin til að tryggja friðinn.

Með samningi þeim, sem gerður var árið 1964 um takmörkun tilrauna með kjarnorkuvopn, var stigið fyrsta alvarlega skrefið til að hefta hið ægilega vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna. Og þó að sorglega hægt gangi að feta í átt til afvopnunar, ríkir vaxandi skilningur á því, að þá leið verði að fara. Tortryggni sú og ótti, sem er afleiðing hernaðarbandalaga og dreifðra herstöðva um allan heim, á sinn ríka þátt í að torvela þessa göngu. Hver viðleitni, sem að því miður að draga úr spennunni, hver herstöð, sem niður er lögð, hreinsar andrúmsloftið og léttir gönguna í átt til friðsamlegra samskipta. Uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenskri grund er brýnni nauðsyn nú en nokkru sinni áður. Sú ráðstöfun er ekki aðeins sjálfsögðu vegna lífshagsmuna Íslendinga, ef til ótíðinda kynni að draga. Hún er, eins og nú standa sakir, hið eina og sjálfsagða framlag okkar til að draga úr spennu og auðvela friðsamlega sambúð þjóða.